



Skólustefna Kópavogsskóla 2016-2018



Inngangur

Stefnuskjal Kópavogsskóla sem hér liggur fyrir er afrakstur vinnu með aðkomu skólastjórnenda, skólaráðs, foreldra, kennara og nemenda skólans. Vinnan byggir á stefnu og framtíðarsýn Kópavogsbæjar í skólamálum sem gildir til ársins 2017.¹ Tekið er mið af lögum um grunnskóla nr. 91/2008 þar sem í 2. gr. er fjallað um bætt skólastarf. Mikilvægi þess að auka sveigjanleika þannig að skólinn geti betur mætt síbreytilegum kröfum sem til hans eru gerðar.² Einnig er tekið tillit til þess að fulltrúar allra flokka sem nú sitja í bæjarstjórn hafa lýst þeirri skoðun sinni að skólar eigi að vera sjálfstæðari en þeir eru í dag. Starfsfólk og stjórnendur skólans hafa vilja til að sýna frumkvæði og sjálfstæði og er óhrætt við að taka sjálfstæðar ákvarðanir svo lengi sem starfað er innan ramma grunnskóla- og stjórnáskjalalaga.

Kópavogsskóli fékk fjárhagslegt sjálfstæði árið 1997 og það opnaði á ýmsa möguleika til skólaþróunar. Verkefnið *Síðferðileg reikningsskil* og síðar *Skólapúlusinn* hafa verið nýtt til að greina áhersluatriði í skólastarfinu. Það hefur leitt af sér ýmis þróunarverkefni og opnað á möguleika til að bæta nám og til að efla og þróa innra starf skólans. Má í því sambandi nefna einstaklingsmiðað nám, leiktæki á skólalóð, Heilsuskóli í samvinnu við menntamálaráðuneytið, Uppeldi til ábyrgðar, Heilsueflandi grunnskóli, Fjölfærni og forritunarkennslu nemenda.³ Nú er að bætast við stórt verkefni sem er notkun á spjaldtölvum í námi og kennslu. Markmið þess er að auka fjölbreytni í kennsluháttum og efla nemendur í námi.

Íbúafjöldi í skólahverfi Kópavogsskóla mun aukast á næstu árum. Verið er að þetta byggð í hverfinu og unnið er að skipulagi nýs íbúðahverfis í Auðbrekku, auk þess sem hluti skólabarna í nýju 300 íbúða hverfi í Lundi mun sækja Kópavogsskóla. Því þarf að tryggja að uppbygging húsnæðis fyrir Kópavogsskóla taki mið af fjölgun nemenda og breyttra áherslna í kennslu og skólaþróun. Kennslustofur í eldri hlutum skólahúsnæðisins eru litlar og nauðsynlegt er að fjölga kennslustofum svo húsnæðið hamli ekki þróun skólastarfs. Kennslueldhús stenst ekki viðmið og því mikilvægt að ráða bót þar á. Húsnæði dægradvalar er nú þegar orðið allt of lítið og óhentugt og á þeim vanda þarf að finna framtíðarúrlausn. Íþróttahús skólans er barn síns tíma og gefur takmarkaða möguleika hvað fjölbreytileika í íþróttakennslu varðar. Í því samhengi má horfa til eldri hugmynda um byggingu íþróttahúss í samstarfi við Menntaskólann í Kópavogi með greiðsluþátttöku ríkisins.

Markmið í skólastarfi

Kópavogsskóli verði áfram framsýnn skóli sem eflir og eykur færni nemenda með hliðsjón af getu og þörfum hvers og eins. Ætíð verði lögð er áhersla á símenntun og þekkingaröflun starfsfólks þar sem þarfir hvers einstaklings og skólans í heild eru höfð að leiðarljósi.

¹ Sjá <http://www.kopavogur.is/media/pdf/Skolastefna-grunnskola--Kopvogs.pdf>

² Lög um grunnskóla nr. 91/2008 með áorðnum breytingum.

³ Sjá nánar hér <http://www.kopavogsskoli.is/skolinn/throunarstarf/>

Stefna

Kópavogsskóli býður nemendum upp á einstaklingsmiðað nám þar sem tekið er tillit til hæfni hvers og eins og leitast við að auka færni og sjálfstæði nemenda með hagsmuni þeirra að leiðarljósi.

Markmið

1. Starf Kópavogsskóla miðar að því að virkja nemendur og vinna með áhugasvið þeirra.
2. Kópavogsskóli hafi svigrúm/tækifæri til að greiða fyrir sérfræðiaðstoð til að vinna með styrkleika sem og veikleika nemenda.

Leiðir

- Um 1. Nýta nærumhverfið og atvinnulífið til að auka möguleika á að vinna með áhugasvið nemenda. Leitast við að efla samstarf við Tónlistaskóla Kópavogs, Menntaskólann í Kópavogi og stofnanir og fyrirtæki í nágrenni skólans.
- Um 2. Samstarf við framsækin og sérhæfð fyrirtæki verði nýtt til að virkja áhugasvið nemenda, innan skólatíma sem utan.

Líðan og velferð

Jákvæð sjálfsmynd og samskipti eru mikilvæg fyrir líðan og velferð einstaklinga. Tryggja þarf öflugt samstarf heimila og skóla og efla þekkingu nemenda á ólíkum hópum samfélagsins.

Stefna

Kópavogsskóli leggur í starfi sínu áherslu á lýðræði, sterka/jákvæða sjálfsmynd og jákvæð samskipti.

Markmið

1. Kópavogsskóli leggur áherslu á öflugt og jákvætt samstarf við heimili nemenda alla skólagönguna.
2. Kópavogsskóli bregst við neikvæðri sjálfsmynd með markvissum, jákvæðum og uppbyggandi hætti.

Leiðir:

- Um 1. Strax í upphafi skólagöngu hvers nemenda er lagður grunnur að öflugu samstarfi við heimili þeirra. Það er m.a. gert með reglulegum samtölum umsjónarkennara/kennara við forráðamenn nemenda og reglulegri upplýsingagjöf með þeim rafrænu miðlum sem skólinn hefur yfir að ráða.
- Um 2. Kópavogsskóli nýtir aðferðafræði uppeldisstefnunnar *Uppeldi til ábyrgðar* sem miðar að því að efla sjálfsstjórn og sjálfsaga nemenda og fylgt er eftir af sérstökum stýrihópi. Símenntun kennara verður meðal annars til að auka færni þeirra í að beita aðferðafræði *Uppeldis til ábyrgðar*. Til að efla sjálfsmynd nemenda verður farið í að skoða þá þætti sem styrkja stöðu einstaklingsins og fyrir hvað hann stendur. Hver og einn verður að vera trúr sinni sannfæringu og standa með sér. Einnig fer fram þjálfun í jákvæðum samskiptum og framkomu, þjálfun og kennslu í rökræðulist og framsögn og aukið samstarf í verkefnavinnu.

Öflugt skólastarf

Faglegt og fjárhagslegt sjálfstæði skóla er leið til að stytta boðleiðir og tryggja skilvirkni í starfi. Með því er tryggt að skólinn sé ávallt sjálfstæð stjórnsýslueining sbr. stjórnsýslulög.

Stefna

Til að efla skólastarf verði Kópavogsskóli í fararbroddi við að nýta tækifæri sem felast í nýju vinnufyrirkomulagi kennara í kjölfar nýrra kjarasamninga. Það verði gert með opinni siðferðilegri umræðu þeirra sem móta skólasamfélagið hverju sinni, starfsmanna skólans, foreldra og nemenda undir forystu skólastjóra.

Markmið

1. Kópavogsskóli nýti með markvissum hætti nýtt vinnufyrirkomulag kennara til aukins samstarfs og eflingar faglegs starfs.
2. Innra starf skólans verði eftt með teymisvinnu kennara þar sem þarfir hvers nemanda eru í fyrirrúmi.
3. Skólastjóri beri ábyrgð á öllu skólastarfi í samráði við skólaráð og leggur fram áætlanir um þróun húsnæðis og búnaðar.
4. Skólahúsnæðið verði nýtt sem aðstaða fyrir íbúa hverfisins til að koma saman í leik og starfi.

Leiðir

- Um 1. Skipulag og skipting starfa liggja fyrir þegar skóli hefst haustið 2016 og foreldrar verði upplýstir um það. Starfið verði í sífelldri endurskoðun og þróun.
- Um 2. Mynduð verði teymi kennara fyrir afmarkaða nemendahópa og verkefni undir forystu teymisstjóra. Skólastjóri samræmir störf teyma og felur þeim verkefni í samráði við skólaráð. Teymin starfa í umboði skólastjóra og ber hann ábyrgð á störfum þeirra.
- Um 3. Skólinn ráði innra stjórnskipulagi sínu og geri samning um fjárhagslegt sjálfstæði sem nái til breytinga á stjórnskipulagi skólans. Einnig fái skólinn leyfi til að leita til bakhjarla til stuðnings vegna ákveðinna verkefna.
- Um 4. Húsnæði skólans verði nýtt undir félagsstarfsemi hverfisbúa utan skólatíma enda njóti skólastarfið góðs af því.

Skapandi skólastarf

Mikilvægt er að starf Kópavogsskóla styðji nemendur og þroski á áhugasviðum þeirra samhliða aukinni hæfni í undirstöðugreinum eins og lestri sem er grundvallaratriði í öllu námi. Talnalæsi og lestur á umhverfi einstaklingsins skiptir ekki síður máli í fjölbreyttum heimi þar sem fjarlægðir og landamæri skipta sífellt minna máli. Einnig er ör tækniþróun veruleiki sem skólasamfélög standa frammi fyrir í dag. Grunnskólinn þarf að aðlagja sig að breyttu umhverfi og innleiða þær tækninýjungar sem falla að starfi skólans nemendum til hagsbóta. Námið verði hvers nemanda á að vera grundvallaratriði og er ein af undirstöðum fyrir bættri líðan og jákvæðri framþróun í námi hvers einstaklings.

Stefna

Kópavogsskóli undirbýr nemendur undir þátttöku í lýðræðissamfélagi með skapandi skólastarfi aðlöguðu að getu, færni og áhugasviði hvers og eins. Öflug lestrar- og stærðfræðikennsla þar sem áhersla er lögð á læsi í víðtækum skilningi verði forgangsmatið í starfi Kópavogsskóla.

Markmið

1. Nemendur tileinki sér og verði þjálfaðir í læsi í víðtækum skilningi þess orðs. Því er mikilvægt að lestrar- og stærðfræðiþjálfun sé sinnt á öllum stigum skólans, jafnt á sviði hefðbundins lestrar sem og fjármálalæsis og læsis í samskiptum einstaklinga og hópa.
2. Kópavogsskóli aðstoðar nemendur við að auka tækniþekkingu sína á markvissan hátt. Hann þjálfar og eykur skilning þeirra á notkun nýrrar tækni og þeim tækifærum sem í henni felast svo staða þeirra við lok grunnskóla verði sem sterkust á því sviði.
3. Spjaldtölvuvæðing verði nýtt til að efla upplýsingalæsi og tölvufærni. Með sama hætti verði horft til tækninýjunga eins og þrívíddarforrita, notkunar á stjörnuvíkingi og forritunarkennslu nemenda á öllum stigum skólans.

Leiðir

- Um 1. Námskeið skipulögð fyrir kennara til að auka þekkingu þeirra á læsi í víðtækum skilningi. Jafnframt lögð áhersla á að efla færni þeirra í að miðla henni til nemenda á skilvirkan hátt í samræmi við áherslur sem settar verða í námskrá skólans. Samræmd próf, ásamt öðrum prófum og mælitækjum, verði nýtt til að fylgjast með framförum hvers nemanda.
- Um 2. Tækni verði í auknum mæli nýtt til að auk fjölbreytileika í skólastarfi og forritunarkennslu verði hluti af námskrá skólans. Einnig verði tryggt að kennarar hafi aðgang að sérfræðingum til ráðgjafar við innleiðingu tækninýjunga.
- Um 3. Kópavogsskóli mun leggja áherslu á að skólinn verði í fremstu röð í notkun á spjaldtölvum til eflingar á skólastarfi. Mótun verður skýr stefna um notkun þeirra og annarra tækninýjunga. Kennarar fái þjálfun í notkun spjaldtölva til að efla kennslu og aðra miðlun til nemenda.

Þróun skólastarfs

Þróun skólastarfs í takt við breytingar í samfélaginu eru mikilvægur þáttur í að tryggja fjölbreytni í starfi og öflugt samstarf milli nemenda, starfsmanna og heimila. Sjálfstæði í stjórnun skólans er mikilvægur þáttur í að tryggja nauðsynlegan sveigjanleika skólans og svigrúm til að bregðast hratt við aðstæðum hverju sinni. Einnig eru skilvirk samskipti við fræðsluyfirvöld mikilvægur hlekkur í að tryggja öflugt skólastarf.

Stefna

Með auknu sjálfstæði skólans verður lögð áhersla á málaflokka sem skólasamfélagið metur mikilvægasta og eru til þess fallnir að uppfylla markmið um öflugan og framsækinn skóla.

Markmið

1. Tryggt verði áframhaldandi sjálfstæði skólans við ráðstöfun fjármuna sem honum eru ætlaðir. Skólastjóri hafi frjálssar hendur til að kaupa þjónustu sérfræðinga til afmarkaðra þátta í kennslu ef afgangur er af rekstri skólans.
2. Kópavogsskóli stefnir að því að vera fyrsti grunnskóli í Kópavogi til að bjóða upp á nám 5 ára barna. Þekking starfsmanna á námi og fræðslu barna í 5 ára deild gerir skólann leiðandi í því starfi innan Kópavogs.
3. Dægradvöl Kópavogsskóla sé áhugaverður valkostur fyrir nemendur í 1.-4. bekk bæði hvað varðar starfsemi og aðstöðu.
4. Nemendum sem það geta og vilja verði gert kleift að flýta grunnskólanámi og hefja framhaldsskólanám fyrr en allmennt er gert í dag.

Leiðir

- Um 1. Gerður verði samstarfssamningur við bæjaryfirvöld um innleiðingu á nýjungum sem sérstakar heimildir þarf fyrir.
- Um 2. Fengin verði heimild skólayfirvalda til að móta og stofna 5 ára deild. Starfsfólk 5 ára deildar verður í lykilhlutverki við að móta nám í 5 ára deild og til aðstoðar eftir að þau börn, ásamt öðrum nýnemum, byrja í lestarkennslu í fyrstu bekkjum skólans.
- Um 3. Í samstarfi við skólayfirvöld verði fundið framtíðarhúsnæði fyrir Dægradvöl sem er grundvöllur þess að skapa umgjörð um starf sem telst eftirsóknarvert í augum nemenda og foreldra.
- Um 4. Efla samstarf við Menntaskólann í Kópavogi og aðra framhaldsskóla og móta með þeim leiðir fyrir nemendur til að flýta námi. Stutt verður við nemendur sem áhuga hafa á að ljúka námi á unglingastigi á tveimur árum og hefja nám í framhaldsskóla ári fyrr. Einnig verður gefinn kostur á að taka framhaldsskólaáfanga samhliða námi í grunnskóla. Kröfur og aðferðir verði kunnar kennurum, nemendum og foreldrum á skólagöngu barnsins

Lokaorð

Þróun skólastarfs Kópavogsskóla skiptir verulegu máli fyrir gæði og þróun þess starf sem unnið er til lengri tíma litið. Með skjali þessu er verið að marka stefnu skólans til næstu ára í samstarfi allra aðila skólasamfélagsins. Hún verður yfirfarin og endurskoðuð á næstu árum með gæði og þróun skólastarfs í huga. Skólaráð fylgist með og kannar hvernig skólastefnunni er framfylgt og birtir upplýsingar um það á heimasíðu skólans.